

Terra efnaeyðing hf.

Berghellu 1

221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 4. febrúar 2020

UST201901-230/H.S.J.

08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit, 06.12. 2019, hjá Terra efnaeyðingu hf.

Þann 6. desember sl. fór fram eftirlit í Terra efnaeyðingu hf, Hafnarfirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

þrjár ábendingar voru gerðar í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Viðauka III reglugerðar nr. 1061/2018 um raf- og rafeindataekjaúrgang. (Bráðabirgða)geymslustaðir raf- og rafeindataekjaúrgangs skulu varðir vatni og vindum. Raftæki eru geymd í opnum bömbum utanhusss á meðan þau bíða þess að vera sett í lokaða gáma til útflutnings.

Í tölvupósti 30. jan sl. mótmælti eftirlitsþegi fráviki vegna geymslu raf- og rafeindataekjaúrgangs. Rök eftirlitsþega eru þess efnis að ábending í eftirliti árs 2018 vegna geymslu úrgangsins hafi verið byggð á mánaðargamalli reglugerð og meiriháttar mál og kostnaðarsamt sé að bæta úr geymslu þessa flokks, þannig að hann verði geymdur undir þaki. Það krefjist mun meira húsnæðis en almennt sé til staðar við söfnun raftækja um land allt og eðli máls samkvæmt krefjist það líka hærri greiðslna fyrir meðhöndlun raftækja en nú er reiknað með hjá Úrvinnslusjóði. Eftirlitsþegi stefnir á, eftir því sem honum er unnt, að geyma ílátin tímabundið inni í lokuðum skipagámi eða -gánum, en þar séu þeim einnig skorður settar. Til vara væri hægt að skoða hvort það gengi upp að breiða dúka eða dúka yfir ílát sem ekki komast inn í geymslugámi en sú aðferð myndi mjög ósennilega gagnast við allar aðstæður og þá helst utan vinnutíma.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hafa verið gerðar neinar frekari ráðstafanir í samræmi við ábendingu eftirlitsaðila 2018 á þeim tíma sem hefur liðið síðan þá og að á rekstraraðila hvíli þær skyldur að uppfylla skilyrði reglugerðar.

Því stendur frávikið óbreytt í lokaútgáfu skýrslunnar og Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 24. febrúar 2020.

Virðingarfyllst

Hulda S. Jónasd.

Hulda Soffia Jónasdóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar og Kópavogssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Terra Efnaeyðing (áður Efnamóttakan) Hafnarfjörður



Dags eftirlits	6.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffia Jónasdóttir
Fyrirtæki	Terra Efnaeyðing (áður Efnamóttakan)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Berghellu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6912982729	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Grétar Viðar Grétarsson	ÍSAT nr.	51.57.02
Fulltrúi fyrirtækis	Jón H. Steingrímsson	Staðsetning	363053,302 408634,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis var skráð er varðar vörn rafeindaúrgangs í geymslu gegn vatni og vindum og þjár ábendingar eru gerðar varðandi geymslu spilliefna og mælingu á hávaða.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Áhættumat til ákvörðunar tíðni eftirlita framvegis
2. Yfirferð yfir ábendingar í eftirlitsskýrslum seinustu ára
3. Áætlanir og tryggingar, tilkynningar v. mengunaráhappa og verkstjórn sbr. kafla 2 í starfsleyfi
4. Varnir gegn mengun sbr. 3. kafla starfsleyfis
 - a) Þrær sbr. gr. 3.3.
 - b) Hreinsibúnaður sbr. gr. 3.4
 - c) Frágangur fláta sbr. gr. 3.5
 - d Hávaði sbr. gr. 3.6
 - e) Meðhöndlun sbr. gr. 3.8
5. Skráningar, sbr. gr. 4.1, 4.4 og 5.1
6. Önnur mál
7. Skoðun á starfsstöð að Berghellu 1 og húsnæði Terra þar sem rúmmálsminnkun kælitækja fer fram.

Viðstaddir eftirlitið fyrir hönd rekstraraðila voru Jón H. Steingrímsson og Grétar Viðar Grétarsson.

Starfsleyfið heimilar móttöku, flokkun, þökkun auk annars frágangs og geymslu samtals 7900 tonnum á ári. Úrgangsflokkar sem tilteknir eru í starfsleyfi eru 7, auk þess er heimilt að taka á móti úr sér gengnum ökutækjum til úrvinnslu en slik móttaka fer þó ekki fram að Berghellu.

1. Farið var yfir með rekstraraðila hvernig ákvörðun tíðni eftirlita framvegis mun byggja á áhættumati Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 550/2018 og drög að áhættumati vegna spilliefnamóttaka kynnt.
2. Farið var yfir eftirlitsskýrslur seinustu ára og ábendingar sem gerðar hafa verið skoðaðar sérstaklega. Athugasemd var gerð í skýrslu vegna eftirlits 2017 um að mæliniðurstöður skyldu fylgja grænu bókhaldi. Mæliniðurstöður bárust ekki með grænu bókhaldi vegna 2017 og því málið var ítrekað í eftirliti vegna 2018. Mæliniðurstöður bárust með grænu bókhaldi vegna 2018.

Ábending var gerð í eftirliti 2018 vegna kröfu sem tók gildi í nóvember 2018 í reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatekjaúrgang um að geymslustaðir skuli varðir vatni og vindum. Við eftirlitsheimsóknina voru skjáir og annar raftækjaúrgangur, sem hefur ekki verið komið fyrir í gánum, enn geymt í opnum bönbum og ílátum og ekkert varðir fyrir veðri. Skv. rekstraraðila er óalengt að raftæki bíði þess lengi að vera sett í lokaða gáma. Eftirlitsaðili ítrekar þó að kröfurnar eru líka gerðar til bráðabirgðageymslustaða, sbr. fyrsta lið III. viðauka reglugerðar nr. 1061/2018.

Einnig var gerð ábending um og fjallað um í umfangi eftirlits 2018 að safnast hefðu fyrir gámar með spilliefnum og skjám og óskað var eftir tilkynningu þegar allir gámar væru farnir úr landi. Upplýsingar bárust þann 1. ágúst sl. að allir gámar sem safnast hefðu með skjám væru farnir úr landi. Þegar eftirlitið fór fram í desember 2018 var reiknað var með að birgðagámar með spilliefnum yrðu farnir innan árs. Skv. rekstraraðila eru enn vandkvæði við að koma spilliefnum til förgunar hjá Kölku sopreyðingarstöð sf. Tekist hefur að opna farveg fyrir olíumálningu og leysiefni til útflutnings til Danmerkur.

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærslu á stöðu mála m.t.t. fjölda spilliefnagáma sem bíða og áætlunar til útflutnings og förgunar spilliefna framvegis. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að tilkynnt verði þegar uppsöfnuð spilliefni eru komin úr landi eða hefur verið fargað.

Rekstraraðili hugðist í kjölfar eftirlits 2018 kanna hvort breyta þurfi umfangi starfsleyfis vegna pappírsmagns frá prentsmiðjum sem fyrirtækið hefur milligöngu um útflutning á. Ekki hefur verið óskað eftir breytingu á starfsleyfi og

skv. tölum frá rekstraraðila var magna endurvinnsluefna yfir 1500 tonn a árinu 2018, þar af langstærstur hluti prentsmiðjupappír. Rekstraraðili hefur eingöngu milligöngu um flutning efnisins úr landi og sölu í endurvinnslu og fellur það ekki undir flokkun, pökkun, annan frágang eða geymslu. Eftirlitsaðili telur því að skv. gr. 1.2 í starfsleyfi falli þessi miðlunarstarfsemi ekki undir starfsleyfi spilliefnamóttökunnar heldur sinni rekstraraðili einungis miðlunarhlutverki og taki ábyrgð á upplýsingagjöf fyrir hönd framleiðanda úrgangs í samræmi við 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Farið var yfir ákvæði 2. kafla starfsleyfis sem fjalla um áætlanir, tryggingar sem og verkstjórni. Eftirlitsaðili óskaði eftir uppfærðri rekstrarstöðvunaráætlun sem barst 11. desember sl. Uppfært skjal um viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi var afhent í eftirlitsheimsókninni, og farið var yfir verkferla í gæðahandbók sem og þjálfun starfsmanna.

4. a-b) Safnþró er fyrir affall af gólfí í húsi, 6 rúmmetrar. Hafi engin óhöpp átt sér stað er hleypt úr henni í stærri þró, 32 rúmmetrar, fyrir affall af útisvæði. Fylgst er með þeiri þró vikulega og nemi er í henni sem lætur vita þegar 6 rúmmetrar eru eftir lausir. Ef ekkert óhapp á sér stað er hleypt úr stærri þrónni í fráveitukerfi bæjarins. Affallið er af langmestu leyti regnvatn og vökvamagn við tæmingu er skráð og kemur fram í grænu bókhaldi. EKKI hefur komið til þess að ekki sé hægt að tæma þrænar í fráveitu og farga þurfi því á annan hátt. Affallið fer í gegnum olíuskilju áður en það fer í þróna og er hún tæmd einu sinni á ári og efnið úr henni urðað í Álfnesi.

c) Spilliefni sem búið er að flokka eru geymd í merktum bömbum eða tunnum og staflað í raðir eftir flokkum, á meðan það biður flutnings í förgun eða endurvinnslu.

d) Hávaði getur verið frá vinnuvélum og tæturum en hann hefur ekki verið mældur við húsvegg fyrir utan vinnusvæði rekstraraðila. Ólíklegt er að hann fari yfir leyfileg mörk en eftirlitsaðili benti þó að gott væri að hafa mælingu því til staðfestingar.

e) Sóttssmitaður úrgangur er í forgangi hjá rekstraraðila til fögunar og er hann allur brenndur hjá Kölku. Raftæki eru geymd í opnum ílátum utanhúss áður en þeim er hlaðið á gáma sem er ekki í samræmi við reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang, sbr. umfjöllun í 2. tölulið hér að ofan. Meðhöndlun spilliefna felst að mestu í flokkun og pökkun og geymslu en einnig hlutleysingu sýru og basa, umhellingu vökva. Kælipressur eru teknar úr kæliskápum og kælimiðlar tæmdir af. Skáparnir eru flokkaðir í tvennt, þeir sem eru með freon-gösum eða F-gösum eða nota aðra kælimiðla líkt og ammoniák, þeir sem nota f-gös eru fluttir til Danmerkuri í böggum, hinir fara til Furu í endurvinnslu. Skápar til útflutnings eru baggaðir í pressu með loftsogs- og síubúnað.

Rekstraraðila er bent á að skv. gr. 1.2 skal magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu ekki fara yfir 300 tonn hverju sinni.

5. Skráningar eru í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Uppruni úrgangs er skráður og ráðstöfun, förgun eða endurvinnsla. Skráð voru 9 minniháttar óhöpp á árinu þar sem spilliefni helltust á gólf eða lóð en voru hreinsuð upp áður en þau komust í þrær. Niðurstöður árlegrar mælingar úr safnþró sbr. gr. 4.2 fylgdu grænu bókhaldi vegna 2018 líkt og kveðið er á um í gr. 4.4 og niðurstöður mælinga 2019 voru afhentar í eftirlitinu. Niðurstöður mælinganna voru innan þeirra losunarmarka sem leyfið kveður á sbr. gr. 4.3.

6. Rekstraraðili vildi koma því á framfæri að fyrir marga flokka úrgangs væri fyrirtækið eini aðilinn sem hefði ráðstöfunarleið. Sífellt erfiðara væri hinsvegar að ráðstafa ýmsum úrgangi þar sem Kalka hefði lokað á móttöku ýmissa flokka og t.d. hefði þurft að hætta útflutningi freon-gasa til móttökuaðila í Danmörku með kæliskápunum þar sem danska umhverfisstofnunin heimilaði ekki innflutning á efninu. Regluverkið þrengi sífellt að á hraða sem erfitt sé að aðlagast í tíma.

7. Gengið var um athafnasvæði og vinnsluhúsnaði. Aðstaða til rúmmálsminnkunar kælitækja var einnig skoðuð.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

viðauka III reglugerðar nr. 1061/2018 um raf (Bráðabirgða)geymslustaðir raf- og rafeindatækjaúrgangs skulu varðir og rafeindatækjaúrgang. vatni og vindum. Raftæki eru geymd í opnum bömbum utanhúss á meðan þau bíða þess að vera sett í lokaða gáma til útflutnings.

ÁBENDINGAR

Umhverfisstofnun óskar eftir uppfærslu á stöðu mála m.t.t. fjölda spilliefnagáma sem bíða útflutnings og áætlunar til útflutnings og fögunar spilliefna framvegis. Einnig óskar eftirlitsaðili eftir því að tilkynnt verði þegar uppsöfnuð spilliefni eru komin úr landi eða hefur verið fargað, sbr. tölulið 2 undir umfangi eftirlits.

Rekstraraðila er einnig bent á að skv. gr. 1.2 skal magn brennanlegs úrgangs á athafnasvæðinu ekki fara yfir 300 tonn hverju sinni.

Eftirlitsaðili bendir á að gott geti verið að hafa mælingu við húsvegg fyrir utan vinnusvæði rekstraraðila því til staðfestingar að hávaði fari ekki yfir leyfileg mörk starfsleyfis.


ANNAÐ

Breytingar á lögum nr. 7/1998 m.t.t. græns bókhalds/umhverfisupplýsinga voru kynntar.

Í tölvupósti 30. jan sl. mótmælti eftirlitsþegi fráviki vegna geymslu raf- og rafeindatækjaúrgangs. Rök eftirlitsþega eru þess efnis að ábending í eftirliti árs 2018 vegna geymslu úrgangssins hafi verið byggð á mánaðargamalli reglugerð og meiriháttar mál og kostnaðarsamt sé að bæta úr geymslu þessa flokks, þannig að hann verði geymdur undir þaki. Það krefjist mun meira húsnæðis en almennt sé til staðar við söfnun raftækja um land allt og eðli máls samkvæmt krefjist það líka hærri greiðslna fyrir meðhöndlun raftækja en nú er reiknað með hjá Úrvinnslusjóði. Eftirlitsþegi stefnir á, eftir því sem honum er unnt, að geyma ílátin tímabundið inni í lokaðum skipagámi eða -gánum, en þar séu þeim einnig skorður settar. Til vara væri hægt að skoða hvort það gengi upp að breiða dúka eða dúka yfir ílát sem ekki komast inn í geymslugám en sú aðferð myndi mjög ósenilega gagnast við allar aðstæður og þá helst utan vinnutíma.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki hafa verið gerðar neinar frekari ráðstafanir í samræmi við ábendingu eftirlitsaðila 2018 á þeim tíma sem hefur liðið síðan þá og að á rekstraraðila hvíli þær skyldur að uppfylla skilyrði reglugerðar.

Reykjavík, 04.02.2020



Hulda Soffia Jónasdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.